



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Mosfellsbær  
Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar  
Kristinn Pálsson

Pverholt 2  
270 Mosfellsbær

Umhverfis- og skipulagssvið  
Minjavörður Reykjavíkur og  
nágrennis  
Suðurgata 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)

Kennitala: 440113-0280

Reykjavík, 4. mars 2021  
MÍ202102-0053/ 6.09 / 5221

### **Efni: Helgafellshverfi 5. áfrangi - Umsögn vegna skipulagslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag**

Með tölvupósti dagsett 11. febrúar 2021 óskaði skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar eftir umsögn Minjastofnunar Íslands vegna skipulagslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag fyrir Helgafellshverfi 5. áfanga. Umsagnafrestur tilgreindur til og með 7. mars 2021. Með erindinu fylgdi skipulagslýsing, unnin af Ask arkitektar, janúar 2021. Samkvæmt skipulagslýsingunni fellst aðalskipulagsbreytingin í auknu byggingamagni innan svæðisins en ekki stækkun svæðisins. Nýja deiliskipulagið er afmarkað innan aðalskipulagssvæðisins.

Bent er á ákvæði 16. greinar laga um menningarminjar nr. 80/2012 sem kveður á um að skráning menningarminja skuli fram vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda og þar segir m.a.:

*Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.*

Fornleifaskrá Mosfellsbæjar var gefin út af Þjóðminjasafni Íslands árið 2006 og fullnægir ekki kröfum núgildandi laga um menningarminjar nr. 80/2012, en samkvæmt 16. gr. þeirra skal skrá menningarminjar; fornleifar, hús og mannvirki vegna skipulags og framkvæmda.


Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

**Henny Hafsteinsdóttir**  
Minjavörður Reykjavíkur og  
nágrennis  
[henny@minjastofnun.is](mailto:henny@minjastofnun.is)

Minjastofnun Íslands hefur gefið út reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019 sem er að finna á vef Minjastofnunar.

*Fornleifaskráning vegna deiliskipulags Helgafellshverfis 5. áfanga í Mosfellsbæ skal endurskoðuð og uppfærð miðað við núgildandi staðla og reglur Minjastofnunar um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019. Sýnilegar fornleifar á deiliskipulagssvæðinu skulu mældar upp og útlínur þeirra færðar inn á deiliskipulagsupprátt þannig að fram komi með skýrum hætti umfang og afstaða minjanna.*

Virðingarfyllt,

  
Henny Hafsteinsdóttir  
Minjavörður Reykjavíkur og nágrennis

Afrit sent:  
Skipulagsstofnun ([skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is))  
Kristinn Pálsson ([kristinnp@mos.is](mailto:kristinnp@mos.is))